

Petrína Ásgeirsdóttir: Erindi á málþingi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Horfin lífsgleði – okkar ábyrgð – 26. maí 2010

Málþingið er upphaf átaks sem við erum að hefja undir heitinu Horfin lífsgleði, þar sem við bendum á mikilvægi þess að vernda börn gegn ofbeldi. Og hér viljum við bjóða upp á umræðu um þau mál.

Ofbeldi gegn börnum finnst í öllum samfélögum og íslenskt samfélag er ekki undanskilið. Fjöldi barna á Íslandi hefur orðið fyrir einelti, fjöldi barna hefur orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi, andlegu og líkamlegu ofbeldi og fjöldi barna býr við ofbeldi á heimilum sínum og mörg börn búa við vanrækslu. Líkamlegar refsingar tíðkuðust áður fyrr en eru mjög á undanhaldi.

Þegar ég var að borða morgunmat nú í vikunni rakst ég á þessa frásögn á mjólkurfernu:

Dæmi Ég

Þótt ég sé lítill og aumingjalegur finnst mér gott

að geta notið lífsins á góðan hátt.

Mér hefur stundum verið strítt en alltaf fyrirgef ég

því ég veit að ef ég er reiður og bitur þá eyði ég lífi mínu til einskis.

Stundum finnst mér ég hunsaður og vinalaus

en alltaf hífir fjölskylda mín mig upp

og minnir mig á hvað ég er góður í mörgu

og þá líður mér eins og ég sé höfuð heimsins.

12 ára drengur

Byrjunin segir mikið til um sjálfsmynd drengsins og ber með sér að hann hefur orðið fyrir einelti, hann er hins vegar heppinn að eiga fjölskyldu sem styður hann og er til staðar fyrir hann, en það skiptir höfuðmáli fyrir börn að einhver fullorðinn sé til staðar fyrir þau, styðji þau og trúi á þau. Niðurstöður langtímarannsóknar sem gerð var meðal fullorðinna í Bandaríkjunum, þar sem leitað var skýringa á hvers vegna sum börn sem ólust um við vanrækslu og mjög erfiðar aðstæður í fátækrahverfum, komust áfram í lífinu meðan önnur urðu undir, sýndi að í öllum tilvikum var einhver fullorðinn til staðar í lífi þeirra sem studdi þau og hvatti áfram. Það gat verið einhver úr fjölskyldu barnsins, það gat verið kennari, það gat verið kaupmaðurinn á horninu eða einhver annar. Þannig að hvert og eitt okkar getur haft mikil áhrif á líf barns hvernig svo sem aðstæður þess eru, með því að hlusta á barnið og vera til staðar og hvetja það áfram.

Réttur barna til verndar ofbeldis er skjalfestur í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í 19. og 34. Grein.

Þar sem Ísland hefur staðfest Barnasáttmálann hafa íslensk stjórnvöld skuldbundið sig til að aðlaga lög að sáttmálanum og fylgja honum og því kveða íslensk lög á um vernd barna gegn ofbeldi í hvaða mynd sem er og líkamlegar refsingar eru einnig ólöglegar skv. íslenskum lögum.

Það er á ábyrgð okkar fullorðnu að koma í veg fyrir ofbeldi gegn börnum og meðal barna, okkar sem vinnum með börnum og sem umgöngumst börn í fjölskyldum og vinahópum okkar. En þetta er ekki einfalt mál og krefst þekkingar, krefst vitundar um ábyrgð, krefst áætlana, eftirfylgni og samstarfs þvert á faghópa og á milli stofnana, samstarfs milli barna og fullorðinna og það krefst að við hlustum á börn sem okkur varða og séum til staðar fyrir þau og það krefst úrræða.

Vernd barna gegn ofbeldi krefst forvarna á mismunandi stigum. Það má skipta forvörnum þrjú stig

Almennar forvarnir til að koma í veg fyrir ofbeldi – lagaumhverfi, viðhorf til barna einkennist af virðingu og skilningi á þörfum þeirra, fræðsla til foreldra og þeirra sem vinna með börn er þar mikilvæg og að kenna börnum að leysa deilur á friðsamlegan hátt – svo dæmi séu tekin –

Stöðva skaðann. Grípa inn í ef grunur leikur á að barni verði fyrir ofbeldi eða búi við mannskemmandi aðstæður. Starfsfólk sem vinnur með börnum spila þar stórt hlutverk og mikilvægt er að starfsfólk hafi þekkingu á þessu sviði og sé vakandi yfir mögulegum einkennum og ekki síður er mikilvægt að til staðar sé á viðkomandi stofnun áætlun um hvernig skuli bregðast við grun um ofbeldi og til séu ferli um tilkynningar til barnaverndaryfirvalda.

Bæta skaðann. Þriðja stigs forvarnir snúa svo að því að veita börnum sem hafa orðið fyrir ofbeldi stuðning til að takast á við áfallið, og að vinna úr því og að geta haldið áfram með líf sitt. Það krefst þekkingar og vinnu fagfólks og úrræða, en ekki er síður mikilvægt að til staðar sé stuðningur í nánasta umhverfi barnsins, því fagfólk getur jú aldrei komið í staðinn fyrir fjölskyldu og vini.

Hér á eftir mun S. Ingibjörg Jósepsdóttir skólastjóri í Hagaskóla segja frá hvernig hennar skóli vinnur að því að koma í veg fyrir einelti, sem er 1.stigs forvörn. Þorbjörg Sveinsdóttir sérfræðingur í Barnahúsi mun síðan segja okkur frá því hvernig við getum á virkan hátt hlustað á börn og þannig stöðvað skaðann (2. stigs forvörn) og Halldór Hauksson sviðsstjóri á Barnaverndarstofu mun segja frá þeim úrræðum sem til eru á vegum Barnaverndarstofu til að styðja börn sem orðið hafa fyrir ofbeldi (3. stigs forvörn).

Ég hvet hvet og eitt ykkar að huga að því hvaða leiðir eru farnar á ykkar vinnustöðum til að fyrirbyggja ofbeldi gegn börnum og til að vera vakandi og grípa inn í ef grunur vaknar um ofbeldi gegn barni. Er vel að málum staðið þar sem þið starfið eða þarf að gera hlutina öðruvísi og að gera þá betur?

Mig langar hér í lokin að gera grein fyrir fræðslu og forvarnarstarfi Barnaheilla á þessu sviði

Vefurinn www.barnaheill.is/verndumborn

Fræðsluvefur um einkenni á ofbeldi, hvað eigi að gera ef grunur vaknar og hvernig tilkynningaskyldu til barnaverndaryfirvalda sé háttáð. Það var að koma út bæklingur sem er að finna í gögnum ykkar. Ætlun okkar er að koma bæklingnum víða á framfæri.

Heyrumst.is – opnaður 30. Október 2009. Gagnvirkur vefur fyrir börn og unglinga að 18 ára aldri þar sem þau geta leitað upplýsingar og ráðgjafar um þau mál er á þeim hvíla. Sérþjálfaðir sjálfboðaliðar sjá um að svara fyrirspurnum.

Þetta er líkaminn minn – fræðslurit fyrir börn skrifað til að aðstoða fullorðna og börn á leikskólaaldri við að ræða saman opið og óþvingað um leiðir til að vernda börn gegn ofbeldi

Veggspjald um hættur í umhverfi – fyrir börn

- Heilsugæslustöðvar dreifa bókinni og plakatinu, en hver sem er getur óskað eftir að fá þetta efni sent

Barnaheill eru að hefja rannsókn á hvernig háttáð er stuðningi opinberra aðila við börn sem búa við heimilisofbeldi – niðurstöður munu liggja fyrir í byrjun næsta árs

Verndum börn gegn kynferðislegu ofbeldi á netinu (Stöðvum barnaklám á netinu), verkefni sem Barnaheill hafa unnið að í mörg ár. Hluti af verkefninu er hnappur á vef Barnaheilla (www.barnaheill.is) þar sem hægt er að senda inn ábendingar ef vart verður við efni á Netinu þar sem börn eru beitt kynferðislegu ofbeldi.

Barnasattmali.is – kennsluvefur – fyrir börn og fullorðna um hin ýmsu ákvæði barnasáttmálans

Petrína Ásgeirsdóttir